

Nýjungar í fræðsluferðum HÍN!

Eins og fjallað hefur verið um áður á þessum vettvangi telur stjórn HÍN brýnt að finna ný úrræði varðandi fyrirkomulag á fræðsluferðum félagsins vegna síminnkandi þátttöku. Í fyrra var bryddað upp á því nýmæli að hafa „löngu“ ferðina svokölluðu í styttra lagi og boðið upp á tveggja daga ferð um Snæfellsnes. Sú nýbreytni gafst illa og fella þurfti ferðina niður vegna ónógrar þátttöku, eins og sumarið áður þegar til stóð að fara austur á land.

Ekki verður gefist upp fyrr en í fulla í hnefana og nú er enn ein tilraun kynnt til sögunnar! Um er að ræða dagsferðir í nágrenni höfuðborgarinnar og nærliggjandi sveitarfélaga. Á dagskrá eru tvær ferðir og er önnur fyrirhuguð um miðjan maí og ber heitið **Sigt um Sundin blá**. Lagt verður úr Reykjavíkurhöfn fyrir hádegi og siglt um sundin með viðkomu í eyju eða tveimur og fræðst um náttúru og staðarhald. Með í ferð verða náttúrufræðingar og staðkunnugir. Farið kostar að hámarki 4.500 kr á fullorðinn mann. Áætlaður ferðatími er 5-6 klst.

Seinni ferðin er fyrirhuguð í byrjun júní og stefnt á kvöldferð í miðri viku í **Grændal nálægt Hveragerði**, en dalurinn er rómaður fyrir grósku og jarðhita. Þar eru jafnframt uppi áætlanir um virkjun jarðvarmaorku.

Nánari upplýsingar um ferðirnar verða auglýstar í fréttablöðum og með rafpósti þegar nær dregur.

Minum enn á netföngin!

Í tveimur síðustu félagsbréfum voru félagsmenn hvattir til að gefa upp netföng í því skyni að efla boðskipti innan félagsins, t.d. varðandi fræðsluerindi og ferðir. HÍN ræður nú yfir um 300 netföngum og þakkar þeim sem brugðust við beiðninni. En betur má ef duga skal. Vafalaust hafa fleiri en 300 félagsmenn netfang, en alls eru félagsmenn um 1200 talsins. Félagsmenn eru því áfram hvattir til að senda netfang sitt ásamt kennitölu og heimilisfangi á eftirfarandi netfang: hin@hin.is

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Afgreiðsla félagsins er hjá Náttúrufræðistofnun Íslands
Hlemmi 3, 125 Reykjavík
Netfang: hin@hin.is
Sími: 5900500
Ábm. Félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist

Félagsbréf



1. tölublað

Mars 2004

29. árgangur

Fréttir af aðalfundi

Aðalfundur HÍN var haldinn laugardaginn 28. febrúar sl. í fundarsal Náttúrufræðistofnu Kópavogs. Formaður og þrír stjórnarmenn voru endurkjörnir með öllum greiddum atkvæðum. Stórn HÍN skipa Kristín Svavarsdóttir formaður, Helgi Torfason varaformaður, Hilmar J. Malmquist ritari, Kristinn J. Albertsson gjaldkeri, Droplaug Ólafsdóttir meðstjórnandi, Esther Ruth Guðmundsdóttir meðstjórnandi og Helgi Guðmundsson meðstjórnandi.

Þrjár ályktanir voru bornar upp á aðalfundinum og samþykktar samhljóða. Gerð er grein fyrir ályktunum á öðrum stað í Félagsbréfinu.

Þau leiðu mistök urðu við boðun aðalfundarins að kynning á honum barst félagsmönnum ekki í tæka tíð. Félagsbréfið komst ekki út fyrir fundinn eins og að var stefnt og auglýsing í Morgunblaðinu var ekki birt. Því var reynt að vekja sérstaka athygli á aðalfundinum með því að senda fundarboð á netföng félagsmanna daginn fyrir fundinn og einnig var hann auglýstur í Ríkisútvarpinu í hádeginu á fundardag. Um leið og stjórnin harmar þetta vill hún bjóða félagsmönnum að gera athugasemdir við aðalfundinn. Þeir sem vilja koma fram athugasemdum vinsamlega hafið samband við stjórnina í tölvupósti (stjorn@hin.is), einstaka stjórnarmenn eða sendið bréf til stjórnar (stjórn HÍN, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmi 3, 115 Reykjavík) fyrir 9 apríl.

Ályktanir HÍN á aðalfundi 28. febrúar 2004

- „Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN), haldinn 28. febrúar 2004 í Kópavogi, ítrekar fyrri ályktanir aðalfunda HÍN frá 1. mars 2003, 2. mars 2002, 24. febrúar 2001, 26. febrúar 2000, 27. febrúar 1999, 17. febrúar 1996, 11. febrúar 1995 og 29. febrúar 1992 um málefni Náttúruhúss (náttúruminjasafns) á landsvísu í höfuðborg Íslands, Reykjavík. HÍN harmar hve tregt hefur gengið að koma þessu brýna máli heilu í höfn og hvetur hlutaðeigandi aðila til að gera gangskör að því að efna hið fyrsta á myndarlegan hátt til sýningar- og kennslusafns í Reykjavík, sem styðjist við vísindasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Jafnframt verði eftl sýningar- og kennslusafn um náttúrufræði á Akureyri á sama grunni.“
- „Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN), haldinn 28. febrúar 2004 í Kópavogi, lýsir yfir ánægju með gerð náttúruverndaráætlunar sem lögð hefur verið fram sem þingsályktunartillaga. HÍN fagnar sérstaklega hugmyndum um stækkun Þjóðgarðanna í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum og bendir á mikilvægi þess að tengja þessar hugmyndir saman við hugmyndir og vinnu nefndar um Vatnjaökulsþjóðgarð og tengd verndarsvæði. HÍN telur einnig að meiri áherslu hefði að ósekju mátt leggja á verndun jarðminja, svo sem á svæðum eins og Brennisteinsfjöll og Heklu. Einnig telur HÍN að mun meiri áherslu hefði mátt leggja á merk svæði á hálendi Íslands, m.a. Eyjabakka, Kverkfjöll og stækkun Þjórsárvera.“
- „Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN), haldinn 28. febrúar 2004 í Kópavogi, hvetur umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttur, til að draga til baka bráðabirgðaákvæði III í frumvarpi til laga um verndun Mývatns og Laxár sem veitir skilyrta heimild fyrir hækkingu á Laxárstíflu. HÍN telur augljóst að ákvæðið stríði gegn þeirri sátt við land og þjóð sem um var samið árið 1973 og markaði lok Laxárdeilunnar með staðfestingu á lögum um verndun Mývatns og Laxár ári síðar. HÍN telur ljóst að bráðabirgðaákvæðið muni grafa undan verndun á náttúru Laxár- og Mývatnssvæðisins. Þá hvetur HÍN umhverfisnefnd Alþingis að taka frumvarpið til ítarlegrar endurskoðunar og hvika hvergi frá verndun náttúruminja á svæðinu. HÍN beinir því jafnframt til Landsvirkjunar að leggja til hliðar öll áform um hækkingu Laxárstíflu og skorar á fyrirtækið að leita þess í stað að náttúruvænni lausnum á vandamálum sínum.“

Vistfræði urriðans í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu

Næsta fræðsluerindi HÍN verður haldið mánudaginn 29. mars, í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskólans og hefst það kl. 17 í stofu 132. Þá mun prófessor Gísli Már Gíslason, Líffræðistofnun Háskólans, flytja erindi sem hann nefnir „*Vistfræði urriðans í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.*“ Meðfylgjandi er útdráttur um efnið:

„Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu er sennilega besta urriðaveiðiá í Evrópu. Urriðaveiði er aðallega stunduð í Laxá í Mývatnssveit og Laxá í Laxárdal (ofan Brúa) en neðan Brúarfossa veiðist mest lax, en einnig nokkuð af urriða og bleikju. Urriðinn ofan Brúarfossa er einangraður frá stofninum neðan fossanna, enda er ekki fiskgengt þar á milli. Stofnstærð í efri hluta Laxár, ofan Brúa, var áætluð 1992-94 og reyndist veiðistofninn (>30 cm) um 24 þúsund urriðar og meðallífþyngd um 80 kg/ha. Urriðinn þar óx hratt, 8,2 cm á ári að meðaltali og vaxtarhraði hægðist ekki þegar hann varð kynþroska u.þ.b. 4 ára gamall. Ekki liggja fyrir upplýsingar um jafnmikinn þéttleika og vaxtarhraða urriða í öðrum ám í heiminum, þar sem hann hefur ekki möguleika á að ganga í sjó. Alls voru 1622 fiskar (2,5 – 61,3 cm) rannsakaðir. Urriðinn lifir að mestu á bitmýi og er áætlað að lifur og púpur þess séu um 56%, rykmý um 21%, vatnabobbi 12% og önnur fæða 11%. Urriðinn er staðbundinn. Um 61% urriða sem endurheimtust úr merkingum veiddust á nákvæmlega sama stað og þeir voru merktir á. Um 75% veiddust innan 500 m frá merkingar- og sleppistað og aðeins 4% höfðu farið 6 km eða lengra. Urriðaveiðin á sóknareiningu tók breytingum á árunum 1977-1999 og var mjög marktæk fylgni á milli breytinga í veiðinni á sóknareiningu og bitmýsstofnsins árið á undan. Andastofnar á ánni sýna einnig svipaða fylgni. Bitmýsstofninn er ráðandi í stofnstærðum eða viðkomu. Stærð bitmýsstofnsins ræðst síðan af reki lífrænna efna úr Mývatni.“

Athygli félagsmann er vakin á nýjum fundarstað og fundartíma á fræðsluerindum félagsins. Stefnt er að því framvegis að halda fræðsluerindi HÍN í Öskju, nýju og glæsilegu náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni. Jafnframt verður gerð tilraun með nýjan fundartíma, og hefjast erindin kl. 17:00 í stað 20:30 eins og áður.

Næsta fræðsluerindi verður haldið 24. apríl og þá mun Þorgergur Hjalti Jónsson, skógræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands fjalla um íslenska birkið.